

# Fjárhagsáætlun 2019


## Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 12. desember 2018

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2019 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2020-2022. Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf og Eyvindarstaðaheiði ehf. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Forsendur þessara fjárhagsáætlana er að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar rekstrarafgangi upp á 106 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 560 m.kr.

Mikil aðhaldssemi hefur verið viðhöfð í rekstri sveitarfélagsins síðustu misseri samhliða því sem lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu. Aðhalds verður áfram gætt í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og tækifæri til hagræðinga nýtt eftir því sem kostur gefst. Slíkt gefur færi á nauðsynlegri uppbyggingu innviða samfélagsins og auknum stuðningi við íbúa þar sem þess gerist þörf. Ávallt verður að hafa að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra þátta og ákveða þjónustustig sveitarfélagsins til framtíðar. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni. Tekin var upp sú nýbreytni við gerð fjárhagsáætlunar að byggðarráð, sem jafnframt er stjórn eignasjóðs, fór í sérstaka ferð til að kynna sér ákveðnar lykilstofnanir í þjónustu sveitarfélagsins. Þá voru haldnir sérstakir íbúafundir til að íbúar gætu komið sínum áherslum á framfæri varðandi þjónustu, framkvæmdir, viðhald og rekstur sveitarfélagsins á annars vegar komandi ári og hins vegar kjörtímabilinu í heild sinni. Að mínu mati tókst vel til með hvoru tveggja og hjálpuðu ferðin og fundirnir til við að móta áherslur þessarar fjárhagsáætlunar.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir afgangi á rekstri samstæðunnar sem og rekstri A-hluta sveitarsjóðs. Einnig er gert ráð fyrir því að á tímabilinu 2020-2022 verði batnandi afkoma í grunnrekstri A-hluta. Það er skylda hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármöggnuð og þarf það að vera markmið sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar að bæði A-hluti og samstæða A- og B-hluta séu á hverju ári rekin með afgangi.



## Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2019 og þriggja ára áætlunar 2020-2022 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2019 verði **3,6%** og að launavísitala verði **6,0%**. Þess ber þó að geta að kjarasamningar mikils meirihluta vinnumarkaðarins renna út í lok árs 2018 og byrjun árs 2019 og því ríkir mikil óvissa um launaþróun ársins 2019 og síðar.

Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2019. Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2019 en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir því að atvinnuleysi aukist jafnt og þétt út spátímann samfara minni spennu í þjóðarbúskapnum. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2019 verði óbreytt á milli ára, þ.e. 14,52% af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Samþykkt var að fasteignaskattsprósentur breyttust ekki á milli ára. Fráveitugjald fyrir íbúðarhúsnæði lækkar hins vegar vegna sterkrar fjárhagsstöðu fráveitunnar.

Gert er ráð fyrir 3% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins sem eru undir áætlaðri hækkun vísitölu neysluverðs og talsvert undir áætluðum launahækkunum næsta árs.

**Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2018-2022**

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	4,9	3,8	3	2,8	2,7
Samneysla	3,3	1,9	1,9	1,7	2,0
Fjármunamyndun	4,5	2,8	4,3	1,4	1,8
-Atvinnuvegafjárfesting	-1,2	0,2	2,6	-0,2	3,3
-Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	27,6	15,4	8,0	4,4	4,0
-Fjárfesting hins opinbera	12,8	1,7	6,8	4,3	-8,1
Þjóðarútgjöld	4,6	3,2	3,1	2,2	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu .	3,1	2,4	2,8	2,5	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	4,7	3,9	3,7	2,2	2,4
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	3,8	2,5	2,7	2,4	2,6
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	1,9	1,3	0,9	0,8	1,1
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,1	3,4	3,7	3,9	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	2,7	3,6	3,3	2,9	2,6
Gengisvísitala	2,3	3,3	0,0	0,0	0,0
Raungengi	-1,5	-1,7	1,2	0,9	0,5
Laun	6,2	6,0	4,5	4,2	4,2
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum	2,3	2,1	1,9	1,8	1,7
Olíuverð	34,5	1,0	-4,7	-4,1	-2,8

Heimild: Hagstofa og viðkomandi bankar.


## Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Áætlunin er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64.gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélagum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærrí en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 122% á árinu 2019 sem er lækkun frá áætlun ársins 2018. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 108%.

Áætlun	A og B hluti		
	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<b>Tekjur:</b>			
Skatttekjur	2.693.338	2.782.218	2.862.902
Framlög jöfnunarsjóðs	1.481.120	1.529.997	1.574.367
Aðrar tekjur	1.569.183	1.580.396	1.629.200
<b>Heildartekjur</b>	<b>5.743.641</b>	<b>5.892.611</b>	<b>6.066.469</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar:</b>			
Skuldir og skuldbindingar	7.003.013	7.160.992	7.266.796
Lífeyrisskuldbinding	1.313.817	1.373.232	1.432.642
<b>Skuldahlutfall:</b>	<b>122%</b>	<b>120%</b>	<b>119%</b>



# Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019

## Rekstur:

Áætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **5.744 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **5.060 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **5.286 m.kr.**, þar af A-hluti **4.767 m.kr.** Rekstrarhagnaður A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **679 m.kr.** Afskriftir nema **222 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **351 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **106 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **422 m.kr.** Afskriftir nema **129 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **280 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð jákvæð um **13 m.kr.**

## Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2019, **9.392 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **7.253 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **7.003 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **6.076 m.kr.** Eigið fé er áætlað **2.378 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall **25,31%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.178 m.kr.** og eiginfjárlutfall **16,24%**. Ný lántaka er áætluð **360 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða um **447 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.314 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.201 m.kr.** hjá A-hluta.

## Sjóðsstreymisfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði um **327 m.kr.** Veltufé frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals **560 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **178 m.kr.**

Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2019 fyrir **408 m.kr.** Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er endurbætur á Sundlaug Sauðárkróks en einnig verður fjárfest í hönnun og upphafi framkvæmda við leikskólabyggingar á Hofsósi og Sauðárkróki. Þá er gert ráð fyrir talsverðum hitaveituf framkvæmdum á árinu.


## Próun tekna:

Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkanir að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árum áður, þótt það hafi heldur lagast síðari árin, utan málefna fatlaðs fólks. Aðrar skatttekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag. Endurskoðun á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs hafa staðið yfir og er nú verið að skoða breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlags sem hafa það að markmiði að:


- Auka jöfnuð milli sveitarfélaga

- Styrkja millistór sveitarfélög og draga úr framlögum til tekjuhærra sveitarfélaga
- Dragga úr neikvæðum áhrifum vegna sameiningar sveitarfélaga á útgjaldajöfnunarframlög sjóðsins og styrkja þar með hvata til sameiningar
- Auka framlög til sveitarfélaga sem eru með hlutfallslega mörg börn á grunnskólaaldri, sveitarfélaga sem hafa marga þéttbýliskjarna og sveitarfélaga á vaxtarsvæðum.

## Skatttekjur 2011–2019



## Framlög Jöfnunarsjóðs 2011–2019 (án framlaga vegna málefna fatlaðra)



## Almenn útgjöld

### Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals **3.340 m.kr** og er það um 9,7% hækkun frá árinu 2017. Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði renna út í marslok 2019 en þá verða ríflega 150 samningar lausir á íslenskum vinnumarkaði. Vegna þessa er gert ráð fyrir **140 m.kr.** í varasjóð til að mæta fyrirsjáanlegum kjarasamningshækkunum.

Gjaldfærslur vegna uppgjörs við Lífeyrissjóðinn Brú flokkast sem launakostnaður og færast á sömu rekstrareiningu og breyting lífeyrisskuldbindinga í reikningsskilum sveitarfélaga. Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að **14 m.kr.** verði gjaldfærðar vegna þessa.

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **53 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **90 m.kr.**

### Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín stærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín mun lægra hlutfall á árinu 2019 en á yfirstandandi ári eða **44,3%**, en var með **47,3%** í áætlun ársins 2018 og **50,9%** í áætlun ársins 2017. Má segja að vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem ráðist var í fyrir fáeinum árum síðan, m.a. vegna lækkandi tekna sveitarsjóðs, hafi tekist að ná betri rekstri í málaflokknum. Hlutur annarra málaflokka en félagsþjónustu er með svipað hlutfall af skatttekjum og verið hefur undanfarin ár. Æskulýðs- og íþróttamál fara þó lækkandi og eru með **9,4%** af skatttekjum ársins 2019. Einnig er málflokkur 21, sem er sameiginlegur kostnaður, með lækkandi hlutfall miðað við undanfarin ár.

Hlutfall félagsþjónustu eykst hins vegar á milli árána 2016 og 2019 og er skýringin á því sú að sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar gerðu með sér samning um sameiginlegt þjónustuvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Samningurinn gildir til ársloka 2019 og er Sveitarfélagið Skagafjörður leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Við þessa breytingu renna allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarsstofni sveitarfélaga til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í fjárhagsáætlun ársins 2019 er ekki gert ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka.

Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum sbr. í töflunni hér á eftir.

Rekstur málaflokka					
<b>Aðalsjóður:</b>					
Skatttekjur	-4.257.774			<b>-4.257.774</b>	
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Félagsþjónusta	-132.874	643.162	303.959	<b>814.247</b>	19,1%
Heilbrigðismál			8.454	<b>8.454</b>	0,2%
Fræðslu- og uppeldismál	-305.051	1.507.123	682.346	<b>1.884.418</b>	44,3%
Menningarmál	-80.641	115.118	142.221	<b>176.698</b>	4,2%
Æskulýðs- og íþróttamál	-126.870	196.362	330.867	<b>400.359</b>	9,4%
Brunamál og almannavarnir	-44.850	88.064	43.510	<b>86.724</b>	2,0%
Hreinlætismál	-71.517		122.642	<b>51.125</b>	1,2%
Skipulags- og byggingamál	-11.600	47.185	32.005	<b>67.590</b>	1,6%
Umferðar- og samgöngumál	0	681	112.073	<b>112.754</b>	2,6%
Umhverfismál	-5.475	36.077	50.494	<b>81.096</b>	1,9%
Atvinnumál	-13.650	35.221	72.714	<b>94.285</b>	2,2%
Sameiginlegur kostnaður	-40.030	173.294	135.028	<b>268.292</b>	6,3%
Lífeyrisskuldbinding		90.000		<b>90.000</b>	2,1%
Óvenjurlegir liðir		140.000		<b>140.000</b>	3,3%
Fjármagnsliðir			-40.086	<b>-40.086</b>	-0,9%
	<b>-5.090.332</b>	<b>3.072.287</b>	<b>1.996.227</b>	<b>-21.818</b>	
<b>Aðrir sjóðir í A-hluta:</b>					
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Eignasjóður	-769.205	71.621	706.390	<b>8.806</b>	
Millifærslur	799.527		-799.527		
	<b>30.322</b>	<b>71.621</b>	<b>-93.137</b>	<b>8.806</b>	
<b>Sveitarsjóður A-hluti</b>	<b>-5.060.010</b>	<b>3.143.908</b>	<b>1.903.090</b>	<b>-13.012</b>	
<b>Sjóðir í B-hluta</b>					
	<b>Tekjur</b>	<b>Launaliðir</b>	<b>Aðrir liðir</b>		
Félagsíbúðir Skagafjarðar	-67.608		75.644	<b>8.036</b>	
Fráveita	-86.500	13.409	40.195	<b>-32.896</b>	
Hafnarsjóður Skagafjarðar	-157.190	44.833	70.058	<b>-42.299</b>	
Tímatákn ehf.	-5.874	150	5.358	<b>-366</b>	
Hitaveita	-427.218	136.502	297.237	<b>6.521</b>	
Vatnsveita	-98.368	400	65.743	<b>-32.225</b>	
Sjóveita	-1.673	0	2.721	<b>1.048</b>	
Eyvindarstaðaheiði ehf	-2.170	393	856	<b>-921</b>	
Millifærslur	162.970		-162.970	<b>0</b>	
<b>Samtals B-hluti</b>	<b>-683.631</b>	<b>195.687</b>	<b>394.842</b>	<b>-93.102</b>	
<b>Samantekið A + B hluti</b>	<b>-5.743.641</b>	<b>3.339.595</b>	<b>2.297.932</b>	<b>-106.114</b>	



## Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

Málaflokkar	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Félagsmál	6,0%	4,8%	5,2%	4,0%	5,3%	5,4%	5,6%	6,1%	6,40%	6,60%	6,7%	6,8%	7,0%	16,9%	18,8%	19,1%
Heilbr.mál	0,7%	0,6%	0,6%	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,6%	0,60%	0,00%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fræðslumál	56,8%	58,7%	56,9%	51,6%	53,0%	58,1%	57,9%	61,8%	61,60%	57,50%	55,2%	57,0%	57,7%	50,9%	47,3%	44,3%
Menn.mál	5,3%	5,1%	5,0%	4,6%	4,9%	5,2%	5,5%	5,4%	5,60%	5,60%	5,2%	5,7%	5,1%	4,6%	4,3%	4,2%
Æskul. og íþr.mál	14,0%	13,6%	13,4%	11,1%	11,3%	12,5%	12,4%	12,2%	12,10%	11,40%	11,8%	11,3%	11,4%	9,9%	9,5%	9,4%
Brunamál	2,1%	3,0%	1,6%	2,1%	2,1%	2,4%	2,4%	2,3%	2,80%	2,60%	2,3%	2,3%	2,5%	1,9%	1,9%	2,0%
Hreinl.mál	1,3%	0,7%	1,4%	1,0%	0,8%	0,9%	1,1%	1,1%	1,30%	1,60%	1,9%	1,7%	1,3%	1,1%	1,1%	1,2%
Skipul.mál	2,1%	2,2%	1,8%	1,7%	3,0%	2,4%	2,0%	2,1%	1,90%	2,00%	1,8%	1,7%	1,6%	1,6%	1,7%	1,6%
Umf. og samg.mál	2,7%	3,0%	3,2%	2,9%	2,6%	3,0%	2,8%	2,5%	2,50%	2,50%	2,6%	2,8%	2,8%	2,6%	2,7%	2,6%
Umhv.mál	2,5%	2,5%	2,2%	2,1%	2,3%	2,9%	2,4%	2,5%	2,50%	2,40%	2,5%	2,6%	2,7%	2,3%	2,1%	1,9%
Atvinnumál	3,7%	2,0%	2,3%	1,9%	1,7%	2,2%	2,1%	1,8%	2,20%	1,90%	1,9%	2,1%	2,3%	2,0%	2,0%	2,2%
Sam.kostnaður	10,9%	13,9%	13,3%	9,3%	11,1%	10,1%	8,8%	7,7%	9,40%	8,60%	9,2%	7,7%	8,0%	6,3%	6,5%	6,3%

\* Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum.

## Fjárfestingar og framkvæmdir:

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2019 fyrir **408 m.kr.** Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt verði hjá eignasjóði fyrir **330 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **15 m.kr.** og hjá veitum fyrir **63 m.kr.**

Fjárfestingar og framkvæmdir:	
Eignasjóður	330.000
Fráveita	3.000
Hafnarsjóður	15.000
Skagafjarðarveitur	60.000
<b>Fjárfestingar og framkvæmdir alls</b>	<b>408.000</b>

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **75 m.kr** í viðhald eigna Eignasjóðs.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, kærar þakki fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 12. desember 2018

Sigfús Ingi Sigfússon,  
sveitarstjóri